



Sig(?) Jónsson, Ísafirði

Bjarni Benediktsson – Sig(?) Jónsson, Ísafirði – útbústjórastaða

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísafirði þann 23. okt. 1937.

Herra prófessor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.


Kæri vinur.

Það stendur fyrir dyrum, að útbússtjóra-staðan hjer verði veitt. Jeg held, að jeg hafi minst eitthvað á það við þig, þegar við fundumst síðast í Rvík. Við vitum þegar, að Framsókn og Sósar munu leggja kapp á að koma sínum manni þar að. Líklega Einvarði Hallvarssyni.. Þegar jeg ~~þekkveit~~ fór að sunnan í haust, vissi jeg ekki annað-, og ~~þeyim~~/raunar ekki annað enn,-en að þeir Magnús og Georg muni mæla með Guðjóni E. Jónssyni, bókara og nú settum útibússtjóra til þess að fá stöðuna. Ákvörðun verður nú tekin upp úr næstu mánaðmótum. Fyrir Sjálfstæðisflokkini/hjer á ísafirði og í sýslunni veltur á miklu, hvernig þessu máli lyktar. Jeg get ekki gert meira, en jeg þegar hefi gert. Jeg hefi góðar vonir um Helga Bergs, ~~banka-~~ ef ~~þank~~stjórarnir gætu orðið sammmála í sínum tillögum um Guðjón, en veit nú hinsvegar, að ýmsra áhrifa muni reynt að beita til hins gagnstæða. Sjerð þú nokkrar leiðir til þess, að frá okkar hálfu yrði unnið á móti þeim áhrifum. Vilt þú gera svo vel og athuga þetta og ef til vill minnast á það við Ól.Th. eða Magnús Jónsson.

Fyrirgefðu flýtisverk.

Með beztu kveðjum

Finn einl.


Bjarni Benediktsson